

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagstillögu fyrir verslunarhúsnæði við Egilsholt 2, Borgarnesi.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 5. febrúar 2003.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Þórðar Kakala hf., kt. 660900-2230, Strandgötu 1, Bíldudal. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. mars 2007.

*Umhverfisstofnun, 7. febrúar 2003.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Sigurbjörg Gísladóttir*  
*forstöðumaður.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávaraflla.

1. gr.

27. gr. orðist svo:

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á markaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vığtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal skipstjóri viðkomandi veiðiskips tryggja að útflutningur afla sé tilkynntur Fiskistofu a.m.k. 24 stundum áður en aflinn fer um borð í farmskip eða 24 stundum áður en skip fer af miðum, sigli veiðiskip með eigin afla.

Tilkynning skal fara fram með þeim hætti að skrá skal á vefsíðu Fiskistofu upplýsingar um veiðiskip, veiðarfæri, aflamagn sundurliðað eftir tegundum og ílátum eins nákvæmlega og unnt er, umboðsmann, sölustað, áætlaðan söludag og eftir atvikum löndunartíma, löndunarstað og brottfarartíma farmskips. Einnig skal skrá nafn, kennitölu og símanúmer útflytj-